

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Latanostad Comp 50 mÍkróg/ml og 5 mg/ml augndropar, lausn latanoprost/timolol

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Latanostad Comp og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Latanostad Comp
3. Hvernig nota á Latanostad Comp
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Latanostad Comp
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Latanostad Comp og við hverju það er notað

Latanostad Comp er lyf til meðferðar við **hækkuðum augnþrýstingi** (þrýstingi innan í auganu).

Latanostad Comp er samsett lyf sem inniheldur tvö virk efni: latanoprost (prostaglandín hliðstæða) og timolol maleat (beta-blokki).

Vökvi þekktur sem augnvökvi er myndaður innan í auganu. Þessi vökvi tæmist síðan aftur út í blóðrás og þannig viðhelst æskilegur þrýstingur innan augans. Ef þetta útlæði er hindrað eykst þrýstingur innan augans.

Beta-blokkar minnka m.a. þrýsting innan augans með því að draga úr myndun augnvökva. Prostaglandín auka útlæði augnvökva úr auganu.

Latanostad Comp er notað:

- til að draga úr þrýstingi innan augans hjá sjúklingum með gleiðhornsgláku (skemmd á sjóntaug, af völdum of mikils þrýsting innan augans).
- til að draga úr þrýstingi innan augans hjá sjúklingum þegar ekki næst nægileg verkun með beta-blokka eða prostaglandín hliðstæðu einum sér.

2. Áður en byrjað er að nota Latanostad Comp

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Latanostad Comp:

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir latanoprosti eða timololi, beta-blokkum eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- ef þú ert með eða hefur verið með öndunarfæravandamál eins og astma, mikla langvinna teppandi berkjubólgu (alvarlegur lungnasjúkdómur sem getur valdið mæði, erfðileikum með öndun og/eða langvarandi hósta).
- ef þú ert með alvarlegan hjartasjúkdóm eða hjartsláttartruflanir.

- ef þú ert þunguð (eða ert að reyna að verða þunguð).
- ef þú ert með barn á brjósti.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum áður en lyfið er notað ef þú ert með eða hefur verið með:

- kransæðasjúkdóm (einkenni geta verið verkur eða þyngsli fyrir brjósti, andnauð eða köfnunartilfinning), hjartabilun, lágan blóðþrýsting
- hjartsláttartruflanir, eins og hægur hjartsláttur
- öndunarvandamál, astma eða langvinna lungnateppu
- kvilla sem tengjast lélegri blóðrás (eins og Raynauds sjúkdómur eða Raynauds heilkenni)
- sykursýki, þar sem timolol getur dulið teikn og einkenni of lágs blóðsykurs
- ofstarfsemi í skjaldkirtli, þar sem timolol getur dulið teikn og einkenni hennar
- allar skurðaðgerðir á auga (þ.m.t. dreraðgerð)
- augnvandamál (eins og augnverkur, erting eða bólga í auga eða þokusýn)
- augnþurrkur
- hjartaöng (einkum af þeirri gerð sem kallast Prinzmetal hjartaöng)
- alvarleg ofnæmisviðbrögð sem þarfnast yfirleitt meðferðar á sjúkrahúsi
- hefur verið með eða ert með veirusýkingu í auga af völdum herpes simplex veiru (HSV).

Notkun augnlinsa: Þú getur áfram notað Latanostad Comp en fylgdu leiðbeiningum um notkun augnlinsa í kaflanum „Latanostad Comp inniheldur bensalkónklóríð“.

Áður en þú gengst undir skurðaðgerð skaltu segja læknum frá því að þú notir Latanostad Comp, þar sem latanoprost/timolol getur breytt áhrifum sumra lyfja sem notuð eru við svæfingu.

Notkun annarra lyfja samhliða Latanostad Comp

Latanostad Comp getur haft áhrif á verkun annarra lyfja sem þú notar og önnur lyf geta haft áhrif á verkun Latanostad Comp, þ.m.t. aðrir augndropar til meðhöndlunar á gláku. Láttu lækinn vita ef þú notar eða fyrirhugar að nota lyf til að lækka blóðþrýsting, hjartalýf eða sykursýkislyf.

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð (augndropar þar meðtaldir).

Lyf geta haft áhrif hvert á annað og milliverkanir geta komið fyrir. Þetta verður að hafa í huga ef þú notar einhverja af eftirfarandi tegundundum lyfja:

► **Kalsíumgangaloka** (t.d. við kransæðasjúkdómi eða við háum blóðþrýstingi)

Guanethidin (við háum blóðþrýstingi)

Beta-blokka (við háum blóðþrýstingi)

Lyf við hjartsláttartruflunum (lyf sem koma reglu á hjartsláttinn)

Digitalis glýkósíða (við hjartabilun)

Kólinvirk lyf (parasympathomimetic) (t.d. við meðferð gláku)

Notkun Latanostad Comp ásamt framangreindum lyfjum getur valdið lágum blóðþrýstingi og/eða hægt á hjartslætti.

► **Lyf sem verka á svipaðan hátt og Latanostad Comp**

Verkun annarra lyfja með svipaða virkni og Latanostad Comp getur verið augin ef þau eru notuð á sama tíma. Því er notkun tveggja beta-blokka eða tveggja prostaglandín hliðstæða í augu ekki ráðlögð.

► **Clonidin**

Ef þú notar virka efnið clonidin til að draga úr þrýstingi innan auga ásamt Latanostad Comp og þú hættir snögglega að nota clonidin, getur blóðþrýstingurinn hækkað. Ef þú notar einnig beta-blokka á sama tíma til að lækka blóðþrýstinginn, getur blóðþrýstingurinn – vegna þessara öfugu áhrifa – aukist enn frekar.

► **Quinidine** (notað við hjartasjúkdómum og sumum gerðum malaríu)

► **Punglyndislyf**, þekkt sem fluoxetin og paroxetin

Börn og unglingar

Latanostad Comp er ekki ráðlagt fyrir börn eða unglinga.

Aldraðir

Latanostad Comp hentar til meðferðar hjá öldruðum sjúklingum.

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Ekki skal nota Latanostad Comp á meðgöngu nema læknirinn telji það vera nauðsynlegt. Láttu lækinn strax vita ef þú ert þunguð, grunar að þú sért þunguð eða ef þungun er fyrirhuguð.

Brjóstagjöf

Ekki skal nota Latanostad Comp ef þú ert með barn á brjósti. Timolol og latanoprost geta skilist út í brjóstamjólki. Leitaðu ráða hjá læknum áður en lyfið er notað ef þú ert með barn á brjósti.

Akstur og notkun véla

Sjónin getur tímabundið orðið óskýr eftir að Latanostad Comp er sett í augun. Ef þú finnur fyrir **þokusýn** – sérstaklega rétt eftir að Latanostad Comp hefur verið notað – ættir þú

- ekki að aka neins konar ökutæki
- ekki að nota nein verkfæri eða vélar

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Latanostad Comp inniheldur bensalkónklóríð og fosföt

Lyfið inniheldur 0,2 mg af bensalkónklóríði í hverjum ml. Bensalkónklóríð getur sogast inn í mjúkar augnlinsur og breytt lit þeirra. Fjarlægja skal augnlinsurnar fyrir notkun lyfsins og setja þær aftur í 15 mínútum eftir lyfjagjöf.

Bensalkónklóríð getur einnig valdið valdið ertingu í auga, sérstaklega hjá þeim sem eru með augnþurrk eða sjúkdóm í hornhimnunni (í glæra laginu fremst á auganu). Þeir sem finna fyrir óeðlilegri tilfinningu í auga, stingjum eða verk í auga eftir notkun lyfsins skulu ræða við lækinn.

Lyfið inniheldur 6,31 mg af fosfötum í hverjum ml. Ef verulegar skemmdir eru á glæra laginu sem er fremst á auganu (hornhimnunni), geta fosföt örsjaldan valdið skýjuðum flekkjum á hornhimnunni vegna uppsöfnunar kalks meðan á meðferð stendur.

3. Hvernig nota á Latanostad Comp

Notið lyfið alltaf eins og læknirinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.


Nema læknirinn hafi ráðlagt annað, er **venjulegur skammtur**:

Fullorðnir, þ.m.t. aldraðir sjúklingar: **setjið einn dropa í hvort sjúkt auga einu sinni á dag.**

Ef notaðir eru aðrir augndropar ásamt Latanostad Comp skal láta a.m.k. 5 mínútur líða milli þess sem hinir augndroparnir eru notaðir.

Notkunarleiðbeiningar


1. Þvoið hendurnar og setjist niður eða standið í þægilegri stellingu.
2. Fjarlægðu ytri öryggishettuna af glasinu.
3. Dragðu neðra augnlok sjúka augans varlega niður með fingurgómi.



4. Færðu dropastútin á glasinu þétt að auganu en þó án þess að snerta það. Þrýstu varlega á glasið þar til einn dropi drýpur í augað. Gættu þess að þrýsta ekki svo fast á glasið að meira en einn dropi drjúpi í sjúka augað.



5. Slepptu augnlokinu.
6. Eftir að Latanostad Comp hefur verið notað skaltu þrýsta með fingri á augnkrókinn, við nefið, í 2 mínútur.



Þetta kemur í veg fyrir að latanoprost/timolol berist til annarra hluta líkamans.

Ef lækinn hefur mælt fyrir um það skaltu endurtaka skrefin til að nota lyfið í hitt augað. Ef dropinn fer ekki í augað, notaðu þá annan dropa.

7. Lokaðu glasinu.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of margir dropar hafa farið í auga geta erting og roði komið fyrir.

Hafðu strax samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222) ef þú, einhver annar eða barn hefur kyngt augndropunum í ógáti, eða ef þú hefur notað dropana oftar en ávísað var.

Hafðu umbúðir lyfsins með þér svo lækinn geti fengið frekari upplýsingar um lyfið. Læknirinn mun ráðleggja um hvað skal gera.

Ef gleymist að nota Latanostad Comp

Ef gleymist að nota augndropana skal halda meðferðinni áfram með næsta skammti eins og venjulega. Ekki á að nota stærri skammt en ráðlagðan dagskammt.

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Latanostad Comp

Ekki gera hlé á meðferðinni með Latanostad Comp eða hætta meðferðinni án þess að ræða fyrst við lækinn.

Ef þú notar Latanostad Comp ekki reglulega eða ef þú gleymir oft að nota það **getur árangur meðferðarinnar verið í hættu**.

Hækkaður augnþrýstingur (þrýstingur innan augans) getur skemmt sjóntaugina og valdið versnun á sjóninni. Blinda getur orðið. Venjulega finnur þú varla fyrir auknum augnþrýstingi. Aðeins er hægt að greina sjúkdóminn með skoðun hjá augnlækni. Ef þú ert með hækkaðan augnþrýsting er nauðsynlegt að fara reglulega í sjónpróf ásamt mælingum á þrýstingi innan augans. Mæla þarf þrýstinginn innan augans á a.m.k. 3 mánaða fresti. Gera skal mælingar á sjónsviði og skoða sjóntaugina a.m.k. einu sinni á ári.

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Þú getur yfirleitt haldið áfram að nota augndropana, nema aukaverkanirnar séu alvarlegar. Ræddu við lækinn eða lyfjafræðing ef þú hefur áhyggjur. Ekki hætta að nota Latanostad Comp nema ræða fyrst við lækinn.

Hér á eftir eru taldar upp þær aukaverkanir sem eru þekktar við notkun augndropa sem innihalda virku efnin latanoprost og timolol. Mikilvægasta aukaverkunin er möguleikinn á stigvaxandi, varanlegri breytingu á augnlit. Einnig er hætt á að augndropar sem innihalda latanoprost og timolol geti valdið alvarlegum breytingum á hjartastarfsemi. Ef þú finnur fyrir breytingum á hjartslætti eða hjartastarfsemi skaltu hafa samband við lækni og láta hann vita að þú notir Latanostad Comp.

Tíðni mögulegra aukaverkana sem taldar eru upp hér á eftir er skilgreind á eftirfarandi hátt.

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Stigvaxandi breyting á augnlit vegna aukins magns brúns litarefnis í litaða hluta augans sem þekkt er sem lithimna. Ef þú ert með blandaðan augnlit (blá-brún, grá-brún, gul-brún eða græn-brún) eru meiri líkur á að þessar breytingar komi fram heldur en ef augun eru einlit (t.d. blá, grá, græn eða brún). Breytingarnar geta tekið mörg ár að þróast. Litabreytingin getur verið varanleg og getur verið greinilegri ef Latanostad Comp er einungis notað í annað augað. Engin vandamál virðast fylgja þessari breytingu á augnlit. Þegar notkun Latanostad Comp er hætt stöðvast augnlitabreytingin.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum):

- Erting í auga (sviðatilfinning, tilfinning um sand í auganu, kláði, stingir eða tilfinning um að eitthvað sé í auganu) og augnverkur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum):

- Höfuðverkur.
- Roði í auga, augnsýking (tárubólga), þokusýn, rennsli úr augum, bólga í augnlokunum, erting eða skemmd á yfirborði augans.
- Húðútbrot eða kláði.

Aðrar aukaverkanir

Eftirfarandi aukaverkanir hafa sést við notkun latanoprosts:

Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra:

- Veirusýking í auga af völdum herpes simplex veiru (HSV).

Ónæmiskerfi:

- Einkenni ofnæmisviðbragða (bólga og roði í húð og útbrot).

Taugakerfi:

- Sundl.

Augu:

- Breytingar á augnhárum og fingerðum hárum umhverfis augun (aukinn fjöldi, lengd, þykkt og litur), breyting á því í hvaða átt augnhárin vaxta, bólga í kringum augað, bólga í litaða hluta augans (litubólga/æðahjúpsbólga, bólga í afturhluta augans (blettabjúgur), bólga/erting á yfirborði augans (glærubólga), augnþurrkur, vökvafyllt blaðra í lithimnu augans (lithimnublaðra), ljósnæmi (ljósfælni), sokkin augu (dýpkun augnloksskoru), augnkvillar sem hafa áhrif á hornhimnuna sem einkennist af niðurbroti eða skemmd á þekjuvef í hornhimnunni með punktamynstri (blettarof í þekjuvef (punctate epithelial erosions), bólga og vökvafyllingun í hornhimnunni (glærubjúgur) og rof í hornhimnu (skemmd í fremsta lagi augnknattarins).

Hjarta:

- Hjartaöng, versnandi hjartaöng hjá sjúklingum sem þegar eru með hjartasjúkdóm, að finna fyrir hjartslætti (hjartsláttarónot).

Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti:

- Astmi, versnun astma, mæði.

Húð og undirhúð:

- Dökkun húðar umhverfis augun.

Stoðkerfi og bandvefur:

- Liðverkir, vöðvaverkir.

Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað:

- Brjóstverkur.

Eins og önnur lyf sem notuð eru í augu berst Latanostad Comp í blóðið. Timolol hluti samsetningarinnar getur valdið svipuðum aukaverkunum og sjást með beta-blokkum sem gefnir eru í æð eða teknir eru inn um munn. Tíðni aukaverkana er minni eftir gjöf í augu en þegar lyf eru t.d. tekin inn um munn eða gefin sem stungulyf. Eftirtaldir aukaverkanir eru m.a. aukaverkanir sem sést hafa við notkun allra beta-blokka þegar þeir eru notaðir við meðferð augnsjúkdóma:

- Útbreidd ofnæmisviðbrögð, þ.m.t. bólga undir húð sem getur komið fyrir á svæðum eins og andliti og útlimum, og getur teppt öndunarveg sem getur valdið erfiðleikum með að kyngja eða anda. Ofsakláði eða útbrot með kláða, staðbundin og útbreidd útbrot, kláði, alvarleg skyndileg lífshættuleg ofnæmisviðbrögð.
- Lág blóðsykursgildi.
- Erfiðleikar með svefn (svefnleysi), þunglyndi, martraðir, minnistap, ofskynjanir.
- Yfirlið, slag, minnkað blóðflæði til heilans, aukin teikn og einkenni vöðvaslensfárs (vöðvasjúkdómur), sundl, óvenjuleg skynjun eins og náladofi, og höfuðverkur.
- Teikn og einkenni um augnertingu (t.d. brunatilfinning, stingir, kláði, tármyndun, roði), bólga í augnloki, bólga í hornhimnu, þokusýn og los á æðaríku lagi undir sjónhimnu eftir síunaraðgerð sem getur valdið sjóntruflunum, minnkað næmi hornhimnu, augnþurrkur, fleiður á hornhimnu (skemmd í ysta lagi augans), sigið efra augnlok (lætur augað virðast hálf lokað, tvísýni.

- Blístur/sónn í eyra (eyrnasuð).
- Hægur hjartsláttur, brjóstverkur, hjartsláttarónot, bjúgur (vökvauppsöfnun), breyting á takti eða hraða hjartsláttarins, hjartabilun með blóðfyllu (hjartasjúkdómur ásamt mæði og bólgu á fótum og fótleggjum vegna vökvauppsöfnunar, ákveðin gerð hjartsláttaróreglu, hjartaáfall, hjartabilun.
- Lágur blóðþrýstingur, Raynauds heilkenni, hand- og fót kuldi.
- Þrenging í loftvegum í lungun (aðallega hjá sjúklingum með undirliggjandi sjúkdóm), öndunarerfiðleikar, hósti.
- Bragðtruflanir, ógleði, meltingartruflanir, niðurgangur, munnþurrkur, kviðverkur, uppköst.
- Hármisssir, húðútbrot með hvítsilfruðu útliti (psóríasislík útbrot) eða versnun psóríasis, húðútbrot.
- Vöðvaverkir sem ekki eru af völdum áreynslu.
- Kynlífsvandamál, minnkuð kynhvöt.
- Vöðvamáttleysi/vöðvaþreya.

Örsjaldan hafa sjúklingar með verulegar skemmdir á glæra laginu sem er fremst á auganu (hornhimnunni) fengið skýjaða flekki á hornhimnuna vegna uppsöfnunar kalks meðan á meðferð stendur.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Latanostad Comp

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Vinsamlegast athugið eftirfarandi leiðbeiningar um geymslu:

Óopnuð glös: Geymið í kæli við 2°C - 8°C.

Eftir að glasið hefur fyrst verið opnað: Geymið við lægri hita en 25°C.

Eftir opnun, farga skal glasinu – ásamt því innihaldi sem eftir er – eftir 4 vikur. Annars getur verið hætt á augnsýkingu.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Latanostad Comp inniheldur

- Virku innihaldsefni eru latanoprost og timolol maleat.

1 ml af augndropum inniheldur 50 míkrogrömm af latanoprosti og 6,8 mg af timolol maleati, sem jafngildir 5,0 mg af timololi.

- Önnur innihaldsefni eru:

Natríumklóríð, bensalkónklóríð, natríum tvíhýdrógenfosfat tvíhýdrat, tvínatríum hýdrógenfosfat tólfhýdrat, hreinsað vatn, natríumhýdroxíð til sýrustillingar, saltsýra til sýrustillingar.

Lýsing á útliti Latanostad Comp og pakkningastærðir

Latanostad Comp er **tær, litlaus vökvi, án sjáanlegra agna** sem pakkað er í gegnsæ dropaglös með skrúfloki.

Latanostad Comp er fáanlegt í eftirfarandi pakkningastærðum:

1 dropaglas sem inniheldur 2,5 ml af augndropum,
3 dropaglös, sem hvert inniheldur 2,5 ml af augndropum,
6 dropaglös, sem hvert inniheldur 2,5 ml af augndropum.
Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

STADA Arzneimittel AG
Stadastrasse 2-18
61118 Bad Vilbel
Þýskaland

Framleiðandi

Rompharm Company S.R.L., Strada Drumul Garii Otopeni nr. 53, 075100 Otopeni, Rúmenía
Centrafarm Services B.V., Nieuwe Donk 9, 4879 AC Etten-Leur, Holland
PharmaCoDane ApS, Marielundvej 46 A, 2730 Herlev, Danmörk
Stada Arzneimittel GmbH, Muthgasse 36/2, 1190 Vienna, Austurríki
STADA Arzneimittel AG, Stadastrasse 2-18, 61118 Bad Vilbel, Þýskaland

Vinsamlega hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er frekari upplýsinga um lyfið

LYFIS ehf.

Sími: 534 3500

Netfang: lyfis@lyfis.is

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í mars 2020.